

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík

Til sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

2. febrúar 2010

Athugasemdir og ábendingar vegna tillögu að aðalskipulagi fyrir Mýrdalshrepp

Greinargerðin sem fylgir tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps er á margan hátt áhugaverð og fróðleg lesning og veitir nýja innsýn í fjölmörg atriði sem ég þekkti ekki til. Þá er ánægjulegt að sjá hve sveitarfélagið setur markið hátt í náttúruvernd og sjálfbærri þróun, eins og fram kemur í stofnmarkmiði.

Í æsku dvaldi undirritaður langdvölum í Mýrdalnum og hefur undanfarin tæplega tuttugu ár átt sumarbústað í Fellsmörk og hefur því bundist þessari sveit sterkum böndum. Undirritaður telur sig því eiga verulegra hagsmuna að gæta í framlagðri tillögu að aðalskipulagi.

Náttúrufar í Mýrdal hefur mikið aðdráttarafl. Í bakgrunni trónir Mýrdalsjökull, syðsti og fjórði stærsti jökull Íslands. Framundan honum liggja grösugar heiðar, fjöll og fell, djúp gljúfur, ár og votlendi. Sveitin er kjörlendi til matvælaframleiðslu en jafnframt eftirsótt fyrir ferðamenn sem una íslenskri náttúru.

Dyrhóley syðsti oddi landsins er einstakur staður og Reynisfjall sem skagar í sjó fram er stórbrotið kennileiti. Víkurfjara, sem talin er með fegurstu ströndum á Íslandi og hefur verið útnefnd ein af 10 fegurstu ströndum heims af tímariti sem fjallar um ferðamál, er staður sem flestir ferðamenn velja að heimsækja. Austan undir Reynisfjalli dafna mörg afbrigði blóma og grasategunda og hvergi annars staðar á landinu vaxa jafn margar tegundir á einum stað. Og eitt stærsta krúvarp Evrópu er í næsta nágrenni Víkur. Votlendi, sem nýtur verndar, er útbreytt.

Fellsmörk sem fólkvangur

Í greinargerðinni með tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps er vönduð og falleg lýsing á náttúrufari og búsaðarkostum Mýrdals. Undirritaður vill vekja athygli á tilkomumiklu landslagi norður og vestur af Felli þar sem mörg djúp og stórbrotin gljúfur ganga frá jöklinum og fram á láglendið. Þetta land freistar göngufólks sem til þekkir og í aðalskipulaginu er tilgreind ein gönguleið á þessu svæði (G-2), sem er virðingarvert framtak. Gljúfrin eru fjölbreytt, sum hver undarlega grösug og fuglalífið ríkt. Þá er víðsýnt, bæði inn yfir Jökulinn og vestur á Eyjafjallajökul, yfir til Vestmanneyja og út yfir sandinn þar sem Pétursey og Dyrhóley blasa við. Landið á þessu svæði er í eigu ríkissjóðs en er leigt af Skógaræktarfélagi Reykjavíkur. Í hlíðunum framundan fjallsbrúninni og á láglendinu þar fyrir framan hafa félagar í Skógræktarfélagi Reykjavíkur hafið skógrækt og þar hafa einnig verið reistir nokkrir sumarbústaðir, þar með talinn einn sem undirritaður hefur til umráða. Þetta land væri vel til þess fallið að vera skilgreint sem fólkvangur. Það yrði til þess að festa þetta svæði í sessi sem útivistar- og ræktunarsvæði og myndi nýtast þeim sjá hag sinn í því að efla vistavæna ferðamennsku í sveitarfélaginu. Hér er því lagt til að þetta

svæði, Fellsheiði, verði tilgreint í greinargerð aðalskipulagsins sem hugsanlegur fólkvangur. Þar sem landið er í eign ríkisins og ekki nýtt til beitar er ástæða til að ætla að það yrði ekki torsótt að skilgreina svæðið sem fólkvang. Með því að skilgreina það sem fólkvang yrði vakin athygli á svæðinu og það mun nýtast betur eflingar ferðapjónustu í sveitarfélaginu.

Taka ber tillit til væntanlegrar hækkunar sjávarborðs

Þorpið í Vík liggur að stórum hluta afar nálægt sjávarborði. Í greinargerðinni er greint frá því að byggðinni stafi hættu af landbroti og nauðsyn þess að byggja sjávarvarnargarð. Hér virðist þó eitt mikilvægt atriði gleymast. Á næstu áratugum er afar líklegt að sjávarborð hækki um a.m.k. 100 cm, og hugsanlega talsvert meira og jafnvel um 3 til 5 metra á komandi öldum ef marka má nýjustu rannsóknir á bráðnum Grænlandsjökuls. Af þessum sökum virðist skynsamlegt að beina allri uppbyggingu á íbúða- og atvinnuhúsnæði inn á svæði sem standa vel ofan sjávarborðs.

Sveitarfélagið liggur undir fjórða stærsta jökli landsins, Mýrdalsjökli. Vaxandi hlýnun mun óhjákvæmilega hafa áhrif á vatnafar. Það verður athygli að ekki skuli farið yfir hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga á þessa náttúrvá sem sveitarfélagið þarf að takast á við. Það væri skynsamlegt að fara vel yfir hvaða áhrif loftslagsbreytingar geti haft á búsetuskilyrði í sveitarfélaginu á næstu áratugum og fram á 22. öldina og hvort ástæða sé til að taka tillit til þess við gerð skipulagsins.

Nýtt vegastæði fyrir hringveginn er varhugavert

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að núverandi vegastæði fyrir hringveginn verði fært suður fyrir þorpið í Vík og að vegurinn fari í göngum gegn um Reynisfjall og vestur norðan við Dyrhólaós, sunna við Geitfjall í núverandi vegastæði hringvegarins (leið 3). Lítið er efnislega fjallað um áhrif þessara framkvæmdar í greinargerðinni en fjallað er um þetta í grófum dráttum í fylgiskjali um umhverfisáhrif. Þá liggur fyrir umsögn Umhverfisstofnunar sem greinir vel frá þeim náttúruverðmætum sem eru í húfi.

Af skýrslu um umhverfisáhrif og umsögn Umhverfisstofnunar er ljóst að vegagerð á þessu svæði mun skerða og spilla þeim svæðum sem eru hvað verðmætasti náttúruarfur í sveitarfélaginu og ein helsta ástæðan fyrir því að ferðamenn sækja byggðina heim. Landslagsheildir verða með veginum skornar í sundur, m.a. landslagsheildin Víkurfjara og Hraupið vestast í Vík og Dyrhólaós og mýrlendið þar fyrir norðan. Framangreindur vegur er einnig algjörlega í mótsögn við yfirlýst stofnmarkmið aðalskipulagsins um mikilvægi náttúruverndar.

Í umfjöllun um þessa vegagerð hefur því verið haldið fram staðsetning vegarins á framangreindu svæði stytta vegaleiðir og auki umferðaröryggi. Jafnframt er því haldið fram að þróunarmöguleikar Víkur muni aukast með jarðgöngum og þar með velsæld íbúanna. Ég tel að færa megi rök fyrir hinu gagnstæða.

Því verður ekki neitað að vegaleiðin á milli Dyrhólahverfis og Víkur styttist og þar með hringvegurinn. En samhliða verður til tvöfalt vegakerfi í stórum hluta sveitarfélagsins með auknum tilkostnaði.

Framlögð gögn, þar með talin greinargerð vegagerðarinnar, benda ekki til þess að umtalsverður ávinningur verði af þessari framkvæmd er varðar slysatíðni og umferðaröryggi. Þá virðist sem bæta megi núverandi veg hvað varðar umferðaröryggi varðar þannig að hann sé jafn góður hvað þetta varðar og vegur samkvæmt leið 3.

Undanfarin ár hefur helsti vaxtarsproti í atvinnulífi í Mýrdalshreppi verið ferðaþjónusta. Með vegastæðinu verður mikilvægum áningastöðum spillt með mannvirkjum og auknum umferðarhávaða. Hættir er við að þetta hafi neikvæð áhrif á ferðaþjónustu. Ekki verður séð hvaða aðra þróunarmöguleika nýtt vegastæði færir sveitarfélaginu. Hröð gegnumumferð skapar ekki nýja þróunarmöguleika og atvinnutækifæri.

Fjaran í Vík er mikilvægasta útivistarsvæðið í þorpinu. Áformaður vegur mun loka fjörunni frá þorpinu og þar með spilla mannlegu umhverfi í Vík. Sýnt hefur verið fram á að útivist hefur afar jákvæð áhrif á heilsufar. Nálægð fjörunnar í Vík hefur jákvæð áhrif á útivist íbúa í Vík. Með því að aðgreina fjöruna frá þorpinu með vegastæði er hætt við að dragi úr útivist og þeim jákvæðu áhrifum sem hún hefur á heilsufar íbúanna.

Aðgangur að náttúru eru eykur lífsgæði og bætir heilsufar. Með því að aðgreina Víkurfjöru frá þorpinu með vegi dregur úr velferð. Jafnframt er hætt við að umferðarhraði verði meiri en um núverandi vegastæði. Umferðarhávaði vex með veldísvísi með umferðarhraða. Það eru verulega líkur á því að umferðahávaði vestast í þorpinu verði umtalsvert meiri ef þjóvegurinn liggur um Víkurfjöru og þar með dregur úr velferð íbúanna.

Lokaorð

Líta má að aðalskipulag sem sáttmála sveitarfélags um hvernig nýta á landið og landsins gæði. Í sveitarfélagi sem er jafn ríkt af náttúrufegurð og náttúrugæðum sem Mýrdalur hvílir mikil ábyrgð á þeim sem hafa fengið umboð til að taka ákvarðanir um landnotkun. Undirritaður leggur til að sveitarstjórnin í Vík falli frá áformum um nýtt vegastæði í Víkurfjöru og vestur um Dyrhólaós. Þá er brýnt að skoða betur hvaða áhrif hækkanði sjávarborð hefur á búsetuskilyrði í Vík sem og vaxandi bráðnun Mýrdalsjökuls á vatnafar í sveitarfélaginu. Að lokum væri áhugavert að skoða möguleika á að stofna fólkvang á því svæði sem nú kallast Fellsmörk.

Með vinsemd og virðingu,



Tryggvi Felixson

Kt. 140155-2099

tfe@norden.org

